

Alþingi
Erindi nr. P 138/2631
komudagur 1.6.2010

Viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík 31. maí 2010.

Á vettvangi *Samtaka fjárfesta* (SF) fer fram stöðug umræða um það sem betur má fara í lagaumhverfi fjármálafyrirtækja og á fjármagns- og hlutabréfamarkaði. Fulltrúi SF átti sæti í nefnd sem samdi frumvarpið sem liggur fyrir í þingskjali 614. Nokkuð er um liðið frá því sú nefnd skilaði tillögum og nýjar upplýsingar og hugmyndir litið dagsins ljós.

Frá áramótum hafa SF gengist fyrir fjölda opinna funda með og án erlendra gesta sem miðlað hafa upplýsinum um ýmislegt sem betur má fara hér á landi t.d. á vettvangi fjármálafyrirtækja. Nægir hér að nefna gesti á borð við Daniel Levine og William Black. Rauði þráðurinn í erindum Williams Black gekk út á hversu mikilvægt væri að upplýsingar um fjármálafyrirtæki væru aðgengilegar almenningi því „nothing disinfects like sunlight“ eins og hann kemst gjarnan að orði.

SF háðu harða baráttu svo árum skipti fyrir því að í ársreikningum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöll kæmu fram laun og kaupaukar sem hver og einn af æðstu stjórnendum fyrirtækjanna njóta. Þetta náðist loks í gegn þrátt fyrir andstöðu þeirra afla sem þá stjórnðu fjármálafyrirtækjum og sem mestu réðu í kauphöllinni.

Vegna þess hversu mikilvægt er að gegnsæi ríki í starfsemi fjármálafyrirtækja er brýnt að ekki verði horfið frá þessu mikilvæga upplýsingaatriði og því haldið til haga hvort sem fjármálafyrirtækið er skráð í kauphöll eða ekki. Upplýsingar um launagreiðslur geta gefið til kynna hversu heilbrigð starfsemin er sem fram fer innan fjármálafyrirtækisins og jafnframt veitt það aðhald sem nauðsynlegt er, þegar launagreiðslur fjármálafyrirtækja til stjórnenda sinna eru annarsvegar.

Því er mælt til þess að í bætt verði í lögum um fjármálafyrirtæki ákvæði sem skyldar öll fjármálafyrirtæki sem lögum ná til, til að birta í ársreikningum sínum upplýsingar um laun og kjör hvers og eins í hópi æðstu stjórnenda þess. Upplýsingarnar geti t.d. verið á sambærilegu formi við það sem fyrirtæki sem skráð eru í kauphöll þurfa að veita. Fela má FME að koma með forskrift að þessum upplýsingum. Einnig gæti FME útbúið lista yfir þá aðila innan viðkomandi fjármálafyrirtækis sem upplýsingarnar eiga að ná til.

Er þetta í góðu samræmi við þær hugmyndir um gegnsæi og upplýsingar sem máli skipta í íslensku samfélagi og til þess fallið að stuðla að heilbrigðara viðskiptaumhverfi fjármálafyrirtækja.

Virðingarfyllst,

Bolli Héðinsson,

formaður SF

fs.825-6454